



Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2014
1411072/3.4.0/eg

Efni: Umsögn Embættis landlæknis um tillögu til þingsályktunar um umferðarljósamerkingar á matvæli, 144. löggjafarþing (2014-2015), þingskjal 58 – 58. mál.

Í ofangreindri tillögu til þingsályktunar er þess farið á leit að Alþingi álykti að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hefja vinnu við undirbúning að upptöku næringarmerkis á héraendri matvöru. Merkið verði að breskri fyrirmynd í formi umferðarljósas sem sýni næringargildi matvæla í lit.

Landlæknir tekur undir að það sé mikilvægt að neytendur hafi skýrar og aðgengilegar upplýsingar um næringargildi matvæla til að auðvelda þeim að taka upplýsta ákvörðun við innkaup þannig að það verði einfalt að velja hollara. Það var ástæða þess að þann 12. nóvember 2013 var norræna *Skráargatið* tekið upp hér á landi. *Skráargatið* auðveldar neytendum hollara fæðuval því matvörur sem bera þetta merki verða að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna, þ.e. minni og hollari fita, minni sykurl, minna salt og meira af trefjum og heilkorni. Neytendur geta treyst því að vörur merktar *Skráargatinu* séu hollari en aðrar vörur í sama flokki sem ekki uppfylla skilyrði til að bera það.


Skráargatið hefur verið í notkun í Svíþjóð í 25 ár og árið 2009 var merkið einnig tekið upp í Noregi og Danmörku og varð þannig að samnorrænu merki og hefur það gefið góða raun í löndunum á þessum 5 árum. Áður en Danmörk og Noregur ákváðu að taka upp *Skráargatið* voru ýmsir möguleikar varðandi matvælamerki kannaðir. Árið 2007 höfðu Danir gert misheppnaða tilraun til að taka upp matvælamerkjakerfi sem flokkaði matvæli í þrjú flokka, *Spis mest*, *Spis mindre* og *Spis mindst*. Þetta merkjakerfi mætti mikilli andstöðu frá bæði matvælaíðnaði og verslunarmönnum en enginn framleiðandi var tilbúinn að merkja sínar vörur með neikvæðum merkingum. Þetta kerfi var nokkuð sambærilegt við umferðaljósakerfi, þ.e. það átti ekki aðeins að vekja athygli á hollari valkostum heldur einnig að merkja matvæli sem neytendur skyldu forðast eða a.m.k. aðeins borða í litlu magni. Því má velta fyrir sér hvort það skili árangri að hafa merki líkt og umferðaljósamerkið valkvætt, þ.e. hvort framleiðendur á vörum eins og sælgæti, ís, kexi og kökum, kjósi að merkja vörur sínar með umferðaljósamerkingu sem gæfi þá til kynna að takmarka ætti neyslu á þeim.

Hér á landi þótti rétt að líta til reynslu nágrannaþjóðanna og því var ákveðið að ganga til samstarfs við norrænu þjóðirnar og taka upp *Skráargatið* hér á landi. Íslendingar eiga fyrir í margvíslegu norrænu samstarfi á sviði næringar þar á meðal um norrænar næringarráðleggingar sem skilgreiningar um *Skráargatið* byggja á, sjá nánar á nýrri heimasíðu www.nordicnutrition.org

Það kemur fram í greinargerð að matvæli eins og sælgæti, ís kex og kökur geti ekki fengið *Skráargatið*, og reyndar ekki heldur gos- og svaladrykkir. Þetta er vegna þess að *Skráargatið* nær eingöngu til matvæla sem geta flokkast sem hluti af heilsusamlegu mataræði. Umferðaljósamerkingar heimila hins vegar merkingar á öllum matvælum, einnig gos- og svaladrykkjum, og er vert að hafa í huga að sykraðir gosdrykkir gætu fengið þrjú græn ljós (eitt fyrir heildar fitu, eitt fyrir mettaða fitu og eitt fyrir salt), en rautt ljós á sykurlausir gosdrykkir gætu hins vegar fengið fjögur græn ljós af fjórum. Það má velta því fyrir sér hvernig neytandinn skilur slíkar merkingar á gosdrykkjum, þ.e. hvort það væri villandi fyrir neytendur að gosdrykkir fái svona mörg græn ljós.

Eins og fyrr segir er landlæknir almennt hlynntur merkingum á matvælum sem auðvelda neytendum að velja heilsusamlegar vörur. Þar sem fjármagn og tími er takmarkaður og nýbúið er að leggja í mikla vinnu og kostnað tveggja stofnana, Matvælastofnunar og Embættis landlæknis auk ráðuneyta, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og velferðarráðuneytis, við innleiðingu *Skráargatsins* telur landlæknir ekki ástæðu til að samhliða innleiða umferðaljósamerkingar hér á landi. Þar sem upptaka slíkra merkja krefst kynningar og fræðslu til m.a. almennings og matvælaframleiðenda, telur landlæknir að fjármunum og starfskröftum opinberra aðila sé betur varið í að styðja við frekari kynningu á *Skráargatinu* og meta síðan árangur þess.

Virðingarfyllst,



Elva Gísladóttir,
verkefnisstjóri næringar



Hólmfríður Þorgeirsdóttir
verkefnisstjóri næringar